

Úrskurður 19/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á eftirgjöf vörugjalds á bifreið af gerðinni S og krafðist þess að ákvörðun Tollstjóra yrði felld úr gildi og að umsókn kæranda verði samþykkt.

Kærandi mótmælir því að eftirgjöf vörugjalds með heimild í 1-lið 1.tl. 1. mgr. 4. gr. laga um vörugjöld nr. 29/1993, sé bundin við einstaklinga en ekki lögaðila. Kærandi telur enga lagastoð vera til staðar fyrir Tollstjóra til að hafna kæranda um niðurfellingu vörugjalds á grundvelli þess að kærandi hyggist nota bifreiðina í markaðs- og kynningastarfi.

Niðurstaða

Í 1-lið 1.tl. 1. mgr. 4. gr. vörugjaldslaga kemur fram að eitt af skilyrðum þess að fá niðurfellingu á vörugjaldi sérsníðaðra keppnisbifreiða sé að bifreiðin sé einungis notuð í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna. Ljóst er af gögnum málsins að kærandi ætli sér að nýta bifreiðina í auglýsinga- og kynningarskyni og telur Tollstjóri það brjóta gegn skilyrðum þeim sem uppfylla þarf til að geta fengið vörugjöld niðurfellt vörugjald af bifreiðinni. Tollstjóri telur einnig ljóst af anda ákvæða 1-liðar 1. tl. 1. mgr. 4. gr. vörugjaldslaga og 16. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum að tilgangur eftirgjafar vörugjalds sé að hennar njóti einstaklingar sem taka þátt í akstursíþróttum og að slík ívilnun sé ekki hugsuð fyrir bílaumboð til að kynna og auglýsa ökutæki né almennt fyrir lögaðila.

Staðfest var ákvörðun embættisins um að synja umsókn kæranda um eftirgjöf vörugjalds af ökutækinu X.